



Hvað á að gera?

Ef þú telur að barn sæti kynferðisofbeldi eða sé misboðið á einhvern hátt skalt þú tilkynna það barnaverndarnefnd þar sem barnið er dvalfast. Leyfðu barninu að njóta vafans og láttu fagfólk meta þörf á aðgerðum.

Samkvæmt 16. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska alvarlega í hættu skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd. Í 17. gr. sömu laga er sérstök áhersla lögð á tilkynningarskyldu þeirra sem starfa sinna vegna hafa afskipti af málefnum barna. Tilkynningarskyldan gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfstétta.

Pegar barn segir frá

Það er aldrei auðvelt fyrir barn að greina frá kynferðisofbeldi eða öðru ofbeldi. Oft hefur barnið þurft að telja í sig kjark í langan tíma og stundum segir barnið frá slíku án þess að ætla sér það. Ef barn tekur það skref að segja frá slíkri reynslu er mikilvægt að bregðast rétt við.

- ✓ **Trúðu** barninu
- ✓ **Tilkynntu** málið til barnaverndarnefndar
- ✓ **Láttu barnið vita** að það var rétt að segja frá
- ✓ **Fullvissaðu barnið** um að ofbeldið sé ekki því að kenna
- ✓ **Hlustaðu á barnið** en ekki yfirheyra það
- ✓ **Tryggðu öryggi** barnsins
- ✓ **Mundu að** þín viðbrögð skipta máli fyrir horfur barnsins og hvernig það tekst á við afleiðingar ofbeldisins



BARNAHÚS

Sími: 530-2500

barnahus@barnahus.is

www.barnahus.is

Um Barnahús

Barnahús hóf starfsemi í nóvember 1998. Rekstur þess er á vegum Barnaverndarstofu sem fer með stjórn barnaverndarmála í umboði félagsmálaráðuneytisins.



Barnahús sinnir málefnum barna sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Barnaverndarnefndir bera ábyrgð á vinnslu slíkra mála og geta óskað eftir þjónustu Barnahúss. Börn og forráðamenn þeirra geta með tilvísun barnaverndarnefnda fengið alla þjónustu á einum stað sér að kostnaðarlausu. Sæti mál lögreglurannsókn fer staðsetning skýrslutöku eftir ákvörðun dómara en barnaverndarnefndir geta óskað eftir annarri þjónustu Barnahúss. Barnaverndarnefndir geta leitað til Barnahúss vegna gruns um annars konar ofbeldi gegn börnum.

Ólöf Ásta Farestveit

uppeldis- og afbrotafræðingur er forstöðumaður Barnahúss
netfang: olof@barnahus.is

Aðrir starfsmenn eru:

Margrét Kristín Magnúsdóttir

sálfræðingur og sérhæfður rannsakandi
netfang: margret@barnahus.is

Póra Sigfríður Einarsdóttir

sálfræðingur og sérhæfður rannsakandi
netfang: thora@barnahus.is

Þorbjörg Sveinsdóttir

sérhæfður rannsakandi
netfang: thorbjorg@barnahus.is

Geirný Sigurðardóttir

ritari
netfang: geirny@barnahus.is



Helstu markmið

- ✓ **Að skapa** vettvang fyrir samstarf og samhæfingu stofnana sem bera ábyrgð á rannsókn og meðferð mála er varða kynferðisofbeldi gegn börnum: Dómara, ákærvalds, lögreglu, barnaverndaryfirvalda og lækna.
- ✓ **Að koma** í veg fyrir að börn þurfi að endurtaka sögu sína á ólíkum stöðum og við mismunandi aðila.
- ✓ **Að tryggja** faglega hæfni, reynslu og þekkingu til að framkvæma rannsóknarviðtöl við börn.
- ✓ **Að koma** á faglegum verklagsreglum við vinnslu mála er varða kynferðisofbeldi.
- ✓ **Að efla** sérþekkingu um kynferðisofbeldi gegn börnum og miðla þeirri þekkingu jafnt til fagfólks sem almennings.
- ✓ **Að tryggja** barni viðeigandi greiningu og meðferð.
- ✓ **Að tryggja** jákvætt umhverfi sem uppfyllir þarfir barna, fyrir rannsóknarviðtöl, lækni skoðun og meðferð.

Þjónusta Barnahúss

- ✓ **Skýrslutaka fyrir dómi** - fer fram að beiðni dómara þegar lögregla fer með rannsókn máls. Dómari ákveður hvort hann nýtir sér þjónustu Barnahúss. Sé þess óskað tekur sérfræðingur Barnahúss viðtalið undir stjórn dómara að viðstöddum fulltrúa ákærvalds, verjanda sakbornings, réttargæslumanni barnsins, fulltrúa barnaverndar og lögreglu. Barnið er ávallt eitt með sérhæfðum viðmælanda í viðtalsherbergi en viðstaddir fylgjast með á sjónvarpsskjá og geta beint spurningum til spyrilsins.
- ✓ **Könnunarviðtal** - fer fram að beiðni barnaverndarnefnda ef þörf er á þegar ekki er óskað eftir lögreglurannsókn (ss. ef meintur gerandi er ósakhæfur eða tilefni grunsemda er kynferðisleg hegðun barns). Viðstaddur er starfsmaður barnaverndarnefndar en framkvæmdin er að öðru leyti eins og við skýrslutöku.
- ✓ **Sérhæfð greining** - barnaverndarnefndir geta að loknu viðtali við barnið óskað eftir greiningu til að meta hugsanlegar afleiðingar kynferðisofbeldisins fyrir barnið og fjölskyldu þess.
- ✓ **Meðferð** - hafi greining leitt í ljós þörf á frekari stuðningi geta barnaverndarnefndir óskað eftir meðferð fyrir barnið ásamt ráðgjöf til foreldra. Sérfræðingar Barnahúss sinna greiningu og meðferð í heimabyggð barnsins sé þess óskað.
- ✓ **Læknisskoðun** - í Barnahúsi er mjög góð aðstaða til læknisskoðunar. Kvensjúkdómalæknir, barnalæknir og hjúkrunarfræðingur sjá um skoðunina þegar þess er þörf.
- ✓ **Ráðgjöf og fræðsla** - leiðbeiningar til þeirra sem þarfnast upplýsinga vegna gruns um kynferðisofbeldi. Fyrirlestrar og fræðsla.